



FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

309. fundur

Föstudaginn 30. ágúst 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. að Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Helga Ingólfssdóttir (HI), Kolbrún Þorsteinsdóttir (KP), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ) og Karen Halldórsdóttir (KH).

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

- 1) Útboð á greiðslukerfi
- 2) Fjárhags- og rekstraráætlun 2020-2024
- 3) Vagnakaupaútboð
- 4) Leiðarnetsmál
- 5) Akstursþjónusta fatlaðs fólks - staðan
- 6) Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Útboð á greiðslukerfinu

Fyrir liggja útboðsgögn vegna rafræns greiðslukerfis í Strætó. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að bjóða út rafrænt greiðslukerfi.

2. Forsendur fjárhagsáætlunar 2020

Farið yfir drög að forsendum fjárhagsáætlunar fyrir 2020 – 2024. Drögin verða lögð fram á eigendafundi Strætó n.k. mánudag.

3. Vagnakaup - útboð

Umræður um næstu skref í vagnakaupum, stjórn Strætó óskar eftir að fá fulltrúa Sorpu inn á næsta stjórnarfund. Áframhaldandi umræða á næstu stjórnarfundum um málið. Stefnt að því að sameina fjárfestingu ársins 2019 og 2020 í eitt útboð.

4. Leiðanet

Fyrir fundinum liggja drög að vinnuskjali dagsett 28. ágúst 2019 yfir mögulegar breytingar á leiðaneti Strætó 2020.

Stjórn Strætó samþykkir að farið verði í leiðanetssbreytingar á leið 21 innan Hafnarfjarðar frá miðju ári 2020, en fyrir liggur samþykki Hafnarfjarðar um að kostnaður vegna þessarar breytingar, 24 milljónir króna á ári, verði greiddur af sveitarfélaginu. Stjórn Strætó samþykkir að breyting á leið 5 sem gerð var á síðasta ári gildi áfram en kostnaður vegna þess er um 7 milljónir króna á árinu 2020

Farið var yfir drög að nýju leiðaneti almenningsgangna.

Umræður um málið.



5. Akstursþjónusta fatlaðs fólks - staðan

Stjórn Strætó brýnir fyrir stjórn SSH að taka ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag akstursþjónustunnar. Mikilvægt er að ákvörðun liggja fyrir sem fyrst þannig að vinna við gerð útboðsgagna, skoðun á fjárfestingu á tölvukerfi til að auka sjálfsþjónustu viðskiptavina, lagfæring á núverandi tölvukerfi sem og vinna við að bæta tengingar við leigubílastöðvar geti farið fram þannig að nýtt skipulag geti teki gildi um mitt næsta ár.

6. Önnur mál

- Staða dómsmála. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna
- Fyrir fundinum liggur leigusamningur um kaffiðstöðu fyrir vagnstjóra í Mjóddinni. Stjórn samþykkir samninginn.
- Fyrirspurn frá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um starfslokasamninga hjá Strætó frá 2012 til dagsins í dag. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara.

Fundi slitið kl. 13:00

Fylgiskjöl:

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Helga Ingólfssdóttir

Karen Halldórssdóttir

Kolbrún Þorsteinsdóttir